

Ed.

274. Frumvarp

til framfærslulaga.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson og Erlingur Friðjónsson.

I. KAFLI.

Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Framfærslustyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Framfærslustyrkur skal vera svo mikill, sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar, og honum haga svo sem hún telur rétt vera, þó með þeim takmörkunum, er síðar segir. Framfærslustyrk skal endurgjalda eftir því, sem ákveðið er í lögum þessum, af framfærsluþurfa sjálfum eða framfærslumanni (2.—19. gr.).

Sá, er framfærslustyrk þiggur, er háður valdi sveitarstjórnar svo sem lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og uppala börn sín þangað til þau eru 16 ára.

4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefir áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til fullnaðs 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, enda fylgi þau henni, og helst sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það söm og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefir og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefir átt, áður en hún giftist honum, með annari konu. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

5. gr.

Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins, nema kjörforeldrin þrjóti.

6. gr.

Börn skulu, svo sem þau eru fær um, ala önn fyrir foreldrum sínum, og mega ekki foreldrar verða framfærsluþurfar, meðan þau eiga þau börn á lífi, sem eru þess umkomin að annast þau. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri.

7. gr.

Framfærslumaður á rétt á að taka framfærsluþurfa frændur sína, þá er honum er skylt fram að færa, heim til sín og ala þar önn fyrir þeim, ef hann fer vel með þá. Móðir óskilgetins barns hefir jafnan rétt og foreldri skilgetins barns til að hafa barn sitt hjá sér eða ráða verustað þess.

Ef framfærsluþurfi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlagið af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á þurfamaður tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar er þurfalingur á lögheimili eða er staddur, skera úr.

8. gr.

Um réttindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sífjalögum, að því leyti sem lög þessi ná ekki til.

9. gr.

Nú sýkist hjú manns eða slasast af ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs, og kostar það sjálft lækning sína og geldur húsbónda fyrir fæði og hjúkrun, meðan það er sjúkt og er á hans vegum.

10. gr.

Ef hjú sýkist eða slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda þess, hvort heldur af því að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eða og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sérstökum háska er bundinn, eða af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins.

11. gr.

Nú sýkist hjú eða slasast, og er hvorki um að kenna ótilhlýðilegri breytni þess sjálfs eða húsbónda þess, og greiðir það þá sjálft kostnað þann, er leiðir af lækning þess og sérstakri hjúkrun, en húsbónda þess er skylt að fæða það ókeypis — einnig þótt fæðið verði að vera sérstakt sjúkrafæði — í allt að 3 mánuði þritugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann.

Ef hjú sýkist eða slasast í fjarlægð frá heimili sínu án þess sjálfu því eða húsbónda þess verði um kennt, og verður að liggja sjúkt utan heimilis síns, þá skal húsbóndi þess greiða legukostnað fyrir það í allt að 3 mánuði þritugnætta, þó ekki lengur en út vistráðningartímann og ekki yfir 5 kr. um hvern sólarhring.

Sama er og þegar hjú er komið burt af heimili sínu til lækninga eftir

læknisráði, hvort heldur í sjúkrahús eða annað, enda sé hvorki því né húsbónda þess um leguna að kenna.

12. gr.

Samningur milli húsbónda og hjús um það, að vistinni skuli lokið þegar er hjúið verður sjúkt, skal ógildur, og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því að vistráðin hafa verið bundin slíkum skilmála eða af því, að svo hefir verið um samið eftir að það varð sjúkt, þá losast húsbóndinn eigi fyrir það við skyldu sína til framfærslu á hjúinu eftir lögum þessum, hvorki gagnvart hjúinu sjálfu né framfærslumanni þess.

13. gr.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sé á enda, nema læknir eða sóknarprestur eða tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því álitni, að hjúinu sé ekkert mein þar af búíð, né öðrum, ef sykin er sóttæm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burtu, og skal hann þá standast allan kostnað af hjúkrun og lækningu sjúklingsins.

14. gr.

Þegar hjú, sem sýkist eða slasast í vistinni, á eftir ákvæðum þessara laga að greiða sjálft lækningarkostnað og hjúkrunar, en hefir ekki efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af dvalarsveitinni.

Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greftrun þess, ef erfingjar gera það eigi, gegn endurgjaldi af sveitarsjóði, ef með þarf.

15. gr.

Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir siglingalögum.

Framfærslumaður skipverja eða framfærslusveit eiga sömu framfærslukröfu á hendur útgerðarmanni og skipverji, ef hann neytir ekki réttar síns.

16. gr.

Ef iðnaðarnemi, er býr hjá lærimeistara sínum, sýkist, þá er lærimeistari hans skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eftir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi lengur en 6 mánuði. Sé sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefir beðið það tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að og ætla má að verði langvinnt, skal lærimeistarann þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eftir að nemandi varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækning nemanda.

Nú hefir svo verið um samið, að náninu skuli hætta ef nemandi sýkist, eða svo verður um samið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náninu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart sveitarsjóði, er leggja verður með nemanda.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 9., 10. og 13. gr. laga þessara ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistarannum, og skulu þar að auki ákvæðin í 10.

gr. og ofangreind fyrir mæli um rétt lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt hann sé eigi til heimilis hjá lærimeistarinum.

17. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður eigi framfærsluskyldu sinni, eða hann fer illa með framfærsluþurfa sinn eða ómaga, og er þá dvalarsveitinni skylt að annast framfærslu framfærsluþurfans eða ómagans, gegn endurgjaldi frá framfærslumanni, svo fremi að sveitarstjórnin álitur, að hann sé fær um að greiða meðlagið. Álit þetta má leggja undir úrskurð yfirvalds, en úrskurði þeim má skjóta til atvinnuáráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna í milli, barna yngri en 16 ára, né heldur um framfærslu þá, er getur um í 9.—16. gr.

18. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum næstu greinar á undan, ákveður yfirvald, þar er framfærslumaður á heima, eða dvelur, ef hann hefir hvergi fast aðsetur, meðlag barna með foreldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum (4. gr.) eða kjörbörnum (5. gr.), hjóna hvors með öðru, og upphæð barnsfararkostnaðar (8. gr.).

19. gr.

Nú er meðlagsúrskurður (18. gr.) löglega birtur og meðlag eða barnsfararkostnaður eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Ef ekki næst á þann hátt fúlga sú, er framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum (27. gr.), eða stjúpbarni sínu á sama aldri (4. gr.), þá skal um greiðslu fúlgunnar fara sem segir í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu, að því er við verður komið, ef aðrir lögskyldir framfærslumenn barnsómagans eru þess eigi megnugir að framfæra hann án sveitarstyrks, eða ómaginn eigi á annan hátt kemst af án sveitarstyrks.

II. KAFLI.

Um framfærslurétt.

20. gr.

Ríkið allt er sameiginlegt framfærslufélag, og á hver sá, sem hefir íslenzkan ríkisborgararétt, framfærslurétt í dvalarsveit sinni.

21. gr.

Danskir ríkisborgarar, heimilisfastir hér á landi, eiga sama framfærslurétt sem íslenzkir ríkisborgarar meðan þeir dvelja hér.

Aðrir utanríkismenn eignast framfærslurétt hér á landi, þegar þeir fá íslenskan ríkisborgararétt.

22. gr.

Maður, sem hefir öðlzt framfærslurétt á Íslandi, missir hann, þá er hann verður borgari í öðru ríki, að svo miklu leyti og á meðan hann að lögum getur eigi notið þeirra réttinda, sem bundin eru við ríkisborgararétt. En öðlist hann aftur ríkisborgararétt, þá á hann framfærslu í þeirri sveit, er hann kys að dvelja í.

Nú verður maður, sem eigi á heimtingu á framfærslurétt hér á landi, þurfandi framfærslustyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í dvalarsveit hans.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu íslensks ríkisborgara, og ráðherra álitur, að ekki verði komizt hjá því að veita manni þeim viðtöku, og er þá rétt, að ráðherra vísi honum, með fjölskyldu, ef nokkur er, til framfærslu á þá sveit, er hann til þess kys.

III. KAFLI.

Um það, hvernig haga skuli styrkveitingu.

23. gr.

Framfærslustyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé, svo sem verða má, hvorttveggja í einu, hagsmuna almennings og þarfa og velferðar þurfalingsins.

24. gr.

Ekki má halda undirboð á framfærslu þurfalings.

25. gr.

Framfærsluþurfum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé lagður þeim á heimili þeirra, eða þeim komið fyrir á góðum heimilum, þar sem vel fer um þá, þeir látnir fara í sjúkrahús, ef lækni álitur þess þörf, eða þeim loks komið fyrir á framfærslu- eða atvinnustofnun, sem er undir umsjón lögreglustjóra og ráðherra hefir sett reglur fyrir.

26. gr.

Nú geta foreldrar ekki staðið straum af börnum sínum yngri en 16 ára, og má þá fátækra- stjórnin taka þau frá foreldrum þeirra og koma fyrir á góðum heimilum hjá siðsömum og ráðdeildarsömum húsbændum. Þó þarf fátækra- stjórn leyfi foreldra til þess að taka börnin frá þeim, nema heimilislíf foreldranna megi teljast siðspillandi fyrir börnin eða þar fari illa um þau.

Engu siður skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum sveitarbörnum.

Ekki má fátækra- stjórn skilja hjón samvistum nema með leyfi þeirra.

27. gr.

Ef foreldrar, sem eigi þiggja framfærslustyrk, veita eigi börnum sínum, er hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, eða fara illa með þau, þá skal fátækrastrjórnin koma börnunum burtu þaðan á góð heimili, þar sem þau fá góðan aðbúnað og hæfilega fræðslu og venjast algengri vinnu, og skal meðgjöf með þeim þangað talin framfærslustyrkur, veittur foreldrum barnanna, nema hún sé þegar í stað endurgöldin.

28. gr.

Sóknarprestar og kennarar skulu líta eftir því, að fyrirmælum í 26. og 27. gr. sé fylgt, og yfir höfuð, að vel sé farið með börn þau, er ræðir um, svo og alla aðra framfærsluþurfa í sóknum þeirra, sem og börn framfærsluþurfa, er upp eru alin hjá foreldrum sínum. Ef presti eða kennara þykir einhversstaðar vera misbrestur á þessu, og geta eigi með umvöndun komið lögum á það, ber þeim að kæra mál það fyrir lögreglustjóra, er halda á fátækrastrjórninni til að gæta skyldu sinnar.

Innansveitarmenn hafa einnig rétt til að kæra yfir vanrækslu í þessu efni, og er lögreglustjóra skylt að rannsaka kærur þær. Skulu slík mál sæta meðferð almennra lögreglumála.

29. gr.

Fátækrastrjórn skal gera sér allt far um að stuðla að því, að börn, sem eru undir umsjá hennar, séu þannig uppalin, að þau geti séð fyrir sér sjálf, þá er þau eru af ómagaaldri.

30. gr.

Vinnandi mönnum ósjúkum, er leita styrks vegna þess að að þeim þrengir um stund, skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn vísa á atvinnu, ef fæst; en ella, ef þess er kostur, útvega styrkþega vinnu við framkvæmdir hjá bæjar- eða sveitarfélagi. Kaupgjald við slíka vinnu skal eigi vera lægra en kauptaxti verklyðsfélaga segir fyrir um.

ÍV. KAFLI.

Um endurgreiðslu framfærslustyrks.

31. gr.

Sá, sem þegið hefir framfærslustyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni, sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er afturkræfur eftir þessum lögum.

Framfærslustyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en því foreldri, sem er á lífi, ef annað er dáíð, og því foreldri, sem það er hjá, eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið að lögum.

32. gr.

Ekki á sveitarstjórn rétt á að krefjast nokkurs endurgjalds á styrk, veittum af sveitarfé til að greiða:

- a. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kennsluáhöld handa börnum undir 14 ára aldri, og
- b. Greftrunarkostnað þurfamanna, að því leyti sem eftirlátnar eignir þeirra hrökkva ekki til.

33. gr.

Skylt er sveitarstjórn, er hún veitir styrk úr sveitarsjóði, að kveða svo á innan 3 mánaða, að styrkurinn skuli ekki afturkræfur af styrkþega, ef hún telur það sanngjarnt vegna ástæðna þiggjanda. Áður veittan styrk er sveitarstjórn heimilt að gefa eftir hvenær sem er.

Styrkur, sem veittur er styrkþega, sem er fullra 60 ára að aldri, telst ekki sem framfærslustyrkur.

Styrkur, sem veittur er vegna ómegðar þiggjanda, og styrkþegi á minnst 4 heimilisföst börn framfærsluskyld, ef karlmaður á í hlut, en minnst 2 börn, ef kona á í hlut, telst ekki sem framfærslustyrkur.

Styrkur, sem veittur er vegna slysa eða heilsuleysis þiggjanda og styrkþegi sannar með vottorði læknis, að hann hafi þess vegna verið ófær til vinnu minnst 3 mánuði í senn, telst ekki sem framfærslustyrkur.

34. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fé til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau voru þá í, og ekkert á ekkju, ef hún hefir skylduómaga.

35. gr.

Þegar þeginn framfærslustyrkur er færður inn í sveitarbókina og meiri hluti hreppsnefndar og styrkþegi hafa skrifað undir innfærsluna, að hún sé rétt tilfærð, er bókin sönnun fyrir skuldinni. Sveitarstjórn getur beiðzt lögtaks á skuldum eftir fyrirmælum laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Lögtaksbeiðni er gild, þótt siðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. hinna nefndu laga.

36. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp alla fjármuni þess, er skuldar sveitinni fyrir þeginn framfærslustyrk. Ef þinglýst er tilhlýðilega eftirriti af uppskriftargerðinni ásamt útdrætti úr sveitarbók, að því er styrkinn snertir, leggst veðband á hina uppskrifuðu muni skuldinni til tryggingar.

Heimilt er sveitarstjórn að fara með fjárkröfur framfærsluþurfa á hendur öðrum mönnum, án þess samþykki hans komi til.

Verkfæri eða búsmunir, sem sveitarstjórn fær framfærsluþurfa í hendur, eru eftir sem áður eign sveitarinnar.

37. gr.

Sannist það fyrir ráðherra, að sá, er þiggur eða þegið hefir framfærslu-

styrk, sem enn er eigi endurgoldinn eða gefinn eftir, fari ráðlauslega með efni þau, er hann hefir undir höndum, skal ráðherra, eftir beiðni sveitarstjórnar og tillögum lögreglustjóra, svipta hann fjárráðum með úrskurði og setja honum fjárráðamann. Fjárráðamaður skal þegar í stað sjá um, að úrskurður þessi verði birtur á varnarþingi þess, sem fjárráðunum er sviptur.

Sannist það með vottorði frá sveitarstjórninni, að framfærslustyrkurinn sé endurgoldinn, skal ráðherra nema úrskurðinn úr gildi, ef sá beiðist, er fjárráðum er sviptur.

Fyrir þinglýsingar þær og aflýsingar, er koma fyrir samkvæmt þessari grein og næstu grein á undan, skal ekkert gjald greiða.

38. gr.

Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara í viðunanlega vist og vinna hverja venjulega vinnu, sem greidd er með venjulegu kaupgjaldi, sem sveitarstjórnin ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra, er sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna og verklyðsfélags á staðnum, ef slíkt er til.

Á sama hátt getur framfærslusveit barnsföður látið hann vinna af sér barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til framfærslusveitar, enda greiði hún kostnað allan af fangelsisvistinni.

Nú hefir framfærslusveit ekki fengið meðlag greitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað greiðanda eða hann hefir komizt undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, sem ekki hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er greiðandi kemur síðar fram, að ganga að honum að lögum að því er meðlagið snertir.

39. gr.

Nú óhlýðnast þurfamaður skipun sveitarstjórnar, þeirri er getur um í næstu grein hér á undan, og má þá kæra hann um það fyrir lögreglustjóra, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist, með sektum eða fangelsi, eftir mála-vöxtum.

Með mál út af brotum gegn þessari grein skal fara sem almenn lög-reglumál.

40. gr.

Nú vill maður flytja af landi burt, en hefir vandamenn, sem ekki eru sjálfbjarga og honum ber fram að færa að lögum, og skal hann þá, áður en hann byrjar ferð sína, ef sveitarstjórnin í framfærsluhreppi þeirra eða barns-

móðir heimtar, skyldur að setja viðunanlega tryggingu fyrir því, að vandamenn hans, er eftir verða, verði eigi sveitarfélaginu til þyngsla að minnsta kosti um næstu 3 ár, nema veikindi eða önnur ófyrirsjáanleg óhöpp valdi, enda banni lögreglustjóri utanförina, nema þessum skilyrðum sé fullnægt.

41. gr.

Nú sýnir framfærsluþurfi mikla óhlýðni eða þrjózku við sveitarstjórn, eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi í allt að 3 mánuðum, þó því aðeins, að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn, eða setja hann í nauðungarvinnu, með samþykki lögreglustjóra og eftir reglun, er ráðherra þar um setur.

Kostnaður við fangelsisvist eftir grein þessari greiðist af sveitarsjóði.

V. KAFLI.

Um styrkveitingar og niðurjöfnun fátækrakostnaðar.

42. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks, og skal hann þá veittur honum af dvalarsveit.

43. gr.

Í lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en 1. marz næsta ár, sendir sveitarstjórn til atvinnumálaráðuneytisins yfirlit yfir framfærslukostnað þann, sem hún hefir haft á árinu, sannað með nægum skilrikjum. Atvinnumálaráðuneytið jafnar síðan niður samanlögðum fátækrakostnaði allra sveita landsins á hverja sveit, að hálfu eftir samanlögðu skattmati fasteigna í sveitinni, í samanburði við samanlagt skattmat allra fasteigna í landinu, að hálfu eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausra eigna og tekna af eign og atvinnu í sveitinni, í samanburði við samanlagðar tilsvarendi fjárhæðir á öllu landinu. Atvinnumálaráðuneytið innheimtir síðan eftirstöðvar fátækrakostnaðar hjá þeim sveitum, sem greitt hafa minna en þeim ber samkv. þessari niðurjöfnun, og endurgreiðir þeim sveitum mismuninn, sem hafa greitt of mikið. Skal þeim innheimtum og endurgreiðslum lokið fyrir 1. júlí vegna undanfarandi árs.

Atvinnumálaráðuneytið hefir úrskurðarvald um sérstaka reikninga yfir veittan framfærslustyrk og um reikninga sveitarfélaga yfir framfærslukostnað í heild sinni.

Við niðurjöfnun fátækrakostnaðar skal fara eftir gildandi fasteignamati og tekju- og eignaframtali ársins á undan.

44. gr.

Áður en styrkþurfa sé veittur framfærslustyrkur, skal—nema styrkþörfin sé svo brýn, að til þess fáist ekki svigrúm, en þá svo fljótt sem unnt er — sveit-

arstjórnin í dvalarsveitinni láta sýslumann eða hreppstjóra yfirheyra styrkþurfa með vottum, til þess að fá skýrslu um þessi atriði:

1. Nafn, fæðingarstað og aldur styrkþurfa. Sé hann giftur, skal skýra frá því, hvar og hvenær hann hafi gifzt.
2. Æfiferil hans eftir 16 ára aldur.
3. Hvort og hvenær hann hafi þegið framfærslustyrk, og hvort styrkurinn sé endurgoldinn.
4. Heimilisástandur hans og hag yfirleitt og hvers vegna hann sé þurfandi orðinn.

Sé skýrslan gefin fyrir lögreglustjóra, skal hún tekin í rétti. Taki hreppstjóri skýrsluna, skal hún rituð á eyðublað, er ráðherra semur, gefin undir eiðstilboð, undirrituð af hreppstjóra, tveim vitundarvottum og styrkþurfa sjálfum. Nú verða hjón þurfandi fyrir sig og börn sín, og gefur þá maðurinn hina umræddu skýrslu, ef hann er viðstaddur eða til hans næst án of mikillar tafar. Að öðrum kosti gefur konan skýrsluna eftir beztu vitund, og sé skýrslu hennar í einhverju ábótavant, þá skal úr bæta svo fljótt sem hægt er og á þann hátt, sem hentast er.

Ef barn yngra en 16 ára þarfnast styrks, og hvorugt foreldra er innan-sveitar, þá skal leita skýrslna um barnið hjá þeim mönnum nærstöddum, sem helst mega af vita.

45. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim. Séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfirvald þar, er það sveitarfélag er, sem krafði er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðilja varð kunnugt um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunar-skjalið er afhent á pósthönd til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

Úr deilum út af framfærslu milli sveitar hér á landi og sveitarfélags í Danmörku skal skorið með samkomulagi milli hlutaðeigandi íslensks og dansks ráðherra.

VI. KAFLI.

Sérstakur styrkur úr ríkissjóði.

46. gr.

Ef framfærsluþurfi fer eftir læknisráði í sjúkrahús, annað en holdsveikra-spítala eða geðveikrahæli, þá greiðir dvalarsveit hans $\frac{2}{5}$ hluta meðlags-kostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 kr. á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfélagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið er í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Ríkissjóðsstyrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur hjá styrkþega.

47. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur erlendis, og er þá skylt að endurgreiða þann styrk úr ríkissjóði. Sömuleiðis greiðist úr ríkissjóði allur kostnaður við flutning þess styrkþurfa og skylduliðs hans frá útlöndum, ef til slíks flutnings kemur og kostnaðurinn við hann fæst ekki á annan hátt endurgoldinn.

Ríkissjóðsstyrkur, sem veittur er samkvæmt þessari grein, er ekki afturkræfur.

48. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin fátækralög, nr. 43 1927, svo og önnur þau ákvæði í lögum, er koma í bága við lög þessi.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1932.

Greinargerð.

Frv. það til framfærslulaga, sem hér er fram borið, er að mestu gagngerð breyting á núgildandi fátækralögum, og þykir hlýða að gera hér grein fyrir nokkrum helztu atriðum þess.

I. kafli þessa frv. (1.—19. gr.) er í öllum aðalatriðum óbreyttur eins og hann er í núgildandi lögum. Breytt er að vísu um orðalag, t. d. er orðið „sveitarstyrkur“ eigi notað, heldur „framfærslustyrkur“, og er það meira í samræmi við efnisbreytingar þær, sem gerðar eru á lögnum.

Aðalbreytingin kemur fyrst fram í II. kafla frv. (20.—22. gr.). Eftir því er ríkið allt eitt sameiginlegt framfærslufélag og á þá hver maður framfærslu í dvalarsveit sinni. Er þar með komið í veg fyrir allt þref og þjark milli sveitarstjórna út af styrkveitingum veittum úr sveitarsjóði og út af sveitfestinni. Sömuleiðis falla þá úr lögum hinn leiði fátækraflutningur og hinir miklu hrakningar, sem fátækt fólk hefir þolað þess vegna fyrr og síðar. Eftir frv. á hver maður rétt á framfærslustyrk hjá sveitarfélagi því, er hann dvelur (þ. e. er búsettur) í, án tillits til þess, hvar hann er fæddur, eða þótt hann hafi dvalið lengur annarsstaðar. Þá hættir og þar með „að vinna sér sveit“, sem svo er kallað, og oft hefir verið fátæklingum kviðæfni og valdið sveitarstjórnnum oft miklum heilabrotum og áhyggjum, hvernig þær ættu að losna við févana ómagafólk, áður en sveitfestistíminn væri útrunninn.

III. kafli (23.—30. gr.), um styrkveitingar, er að miklu óbreyttur frá núgildandi lögum. Þó er það nýtt, að kennarar hafi ásamt sóknarprestum eftirlit með því, að vel sé farið með börn í umdæmi þeirra eða sókn, er fá uppeldisstyrk frá sveitarfélagi eða er ráðstafað af fátækra stjórn. Einnig skulu þeir líta eftir

því, að öðrum, er framfærslustyrks njóta og ráðstafað er af sveitarstjórn, líði vel, og vanda um, ef misbrestur verður á.

Þá er og lögð áherzla á, að vinnandi mönnum, er þrengir að um stund (30. gr.), sé útveguð vinna við framkvæmdir hjá bæjar- eða sveitarfélagi. Öll bæjar- og sveitarfélög hér á landi eiga mörg og nauðsynleg verk óunnin, og er sjálfsagt að veita fullvinnandi mönnum atvinnu við þau, frekar en að greiða framfærslustyrk úr sveitarstjóði, og fá ekkert í aðra hönd.

Eftir IV. kafla (31.—41. gr.) er sá, er þiggur framfærslustyrk, skyldur að endurgreiða sveitarfélagi (dvalarsveit) þeginn styrk, svo sem verið hefir. Í núgildandi lögum er styrkur veittur sextugu fólki eða eldra eigi talinn sveitarstyrkur (framfærslustyrkur) og varðar eigi réttindamissi. Er þetta rýmkað verulega í frv. og látið ná til þeirra, er þurfa að þiggja styrk vegna ómegðar, slysa eða heilsuleysis. Þá er og sveitarstjórn heimilt að gefa eftir áður veittan framfærslustyrk (sveitarstyrk) hvenær sem er (33. gr.)

Greinar frv. í V. kafla eru um styrkveitingar og niðurjöfnun fátækra-kostnaðar. Í 42. gr. er svo ákveðið, að þarfnist maður framfærslustyrk, þá skuli hann veittur af dvalarsveit. En dvalarsveit verður að teljast sú sveit, þar sem maður er búsettur eða heimilisfastur, því vitanlega kæmi ekki til mála, að maður, sem t. d. væri á ferðalagi, gæti fengið framfærslustyrk hjá sveitar- eða bæjarfélagi, er hann er staddur í i þann og þann svipinn.

43. gr. ræðir um niðurjöfnun fátækra-kostnaðar. Atvinnumálaráðuneytið jafnar þessum kostnaði niður, eftir reglum þeim, er settar eru í greininni. Er í niðurjöfnun miðað við tvennt, að hálfu eftir samanlögðu skattmati fasteigna í sveitinni, í samanburði við skattmat allra fasteigna í landinu, og að hálfu eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausra eigna og tekna af eign og atvinnu í sveitinni, einnig í samanburði við tilsvarendi fjárhæðir á öllu landinu. Til mála gæti komið að taka hér fleira til greina, svo sem framlög og útgjöld til sameiginlegra félagsmála sveitar, minnka þörfina fyrir framfærslustyrk; taka mætti og til greina kostnað við framkvæmdir sveitarfélags, sem gerðar eru í atvinnubótaskyni, til að forða mönnum frá því að þurfa að þiggja framfærslustyrk.

Rétt þykir, að atvinnumálaráðuneytið úrskurði reikninga yfir veittan framfærslustyrk, bæði einstaka reikninga yfir veittan styrk, svo og heildarreikninga yfir fátækra-kostnað sveitarfélags.

Hér er ákveðið, að yfirlit yfir framfærslukostnað sveitarfélags verði sent atvinnumálaráðuneytinu ekki síðar en 1. marz árið eftir, og niðurjöfnun fátækra-kostnaðar og innheimtum verði lokið fyrir 1. júlí.

Má sjálfsagt um það deila, hvort hér eru settir nægilega langir frestir, en eigi má niðurjöfnun dragast mikið lengur en hér er ákveðið.

Með þeirri jöfnun á fátækra-kostnaði, sem hér er gerð, bera vel stæð hreppsfélög, ef þau hafa litinn framfærslukostnað, nokkuð af fátækra-byrði hinna fátækari hreppsfélaga, og verður það að teljast réttlátt.

Í 44. gr. er því haldið, að miklu óbreytt, að taka skýrslu af framfærslu-þurfa; getur slík skýrsla fylgt yfirlitinu yfir fátækra-kostnað til stjórnarráðsins.

Þótt allt það þref og þras, er nú stendur milli fátækra-stjórna um sveitfesti styrkþurfa og fátækra-flutninga, hverfi, ef frv. verður samþykkt, þá þykir þó var-

legga að halda því ákvæði, að yfirvald, og síðan ráðherra, ef máli er til hans skotið, skeri úr ágreiningi, er upp kann að koma milli sveitarfélaga um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt þessum lögum (45. gr.).

VI. kafli (46.—49. gr.) ræðir um styrk úr ríkissjóði; þar er gerð á sú aðalbreyting, að framfærslustyrkur, sem veittur er erlendis, og nú er greiddur af framfærsluveit, skuli greiðast úr ríkissjóði.

Flutningsmönnum er það ljóst, að mikill vandi er að gera gagngerðar breytingar á fátækralöggjöfinni, svo að hvergi verði snurða á framkvæmd eftir lögum, þá er þau verða tekin til eftirbreytni. Er og margt, er betur sést síðar, þá er menn hafa notað lög um stund, er eigi varð komið auga á við samning þeirra. Sjálfsagt má og finna einhverja galla á frumvarpi þessu, en varla ættu þeir að vera meiri en svo, að vel mætti laga þá í þingnefnd, ef með alúð væri að því unnið.